

Vaðfitjanáma, Rangárþingi ytra

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 21. október 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um efnistöku úr Vaðfitjanámu, Rangárþingi ytra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Forsætisráðuneytisins, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar, og Umhverfis- og orkustofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Lands og skógar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Vaðfitjanáma efnistaka. Matsskyldufyrirspurn. 21.10.2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fiskistofu dags. 23. október 2025
- Forsætisráðuneytinu dags. 14. nóvember 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 18. nóvember 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 18. nóvember 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 19. nóvember 2025
- Vegagerðinni dags. 19. nóvember 2025
- Landi og skógi dags. 24. nóvember 2025
- Rangárþingi ytra dags. 24. nóvember 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 10. desember 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 4. febrúar 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í 80.000 m³ efnistöku á um 11 ha svæði á Þjórsáreyrum, austan við Þjórsá milli Sultartangalóns og Vaðölduvers (sjá mynd 1). Framkvæmdasvæðið er innan Landmannaafreittar, sem er þjóðlenda, en svæðið er þegar raskað vegna eldri framkvæmda við gerð vegar og brúar auk virkjanaframkvæmda við Sultartangasvæðið og er innan skilgreindrar iðnaðarlóðar Vaðöldu vindorkuvers. Framkvæmdasvæðið er innan svonefndra Hekluskóga þar sem stefnt er að endurheimt birkiskóga og einnig innan svæðis þar sem er forsögulegt hraun úr Bárðarbungu auk þess sem svæðið liggur að gervígíum við Vaðfit sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. Framkvæmdasvæðið er í um 265 m hæð yfir sjávarmáli og er á gróðurlitlum áreyrum. Áætlað er að efnistaka fari fram á uppbyggingartíma Vaðöldu vindorkuvers að mestu en eftir atvikum kemur hún til með að halda áfram verði efni til staðar sem nýtist í aðrar framkvæmdir. Efnisflutningum verður að hluta til beint inn á framkvæmdasvæði vindorkuversins og fara ekki inn á þjóðveg en nánari útfærsla efnisflutninga liggur ekki fyrir. Eftir því sem hægt er verður svæðum lokað þegar vinnslu líkur, raskað svæði verður jafnað og aðlagð



að nálægu landi. Efsta jarðvegslagi efnistökusvæðis, sem ekki nýtist, verður ýtt til hliðar og nýtt við frágang svæðisins. Þar sem framkvæmdasvæðið er innan Hekluskóga verður haft samráð við Land og skóga um hvort plantað verði birki og víði í frágengin svæði jafnóðum eða sáð í þau. Ekki liggur fyrir hvernig áfangaskiptingu verður háttað en svæðinu er skipt upp í þrjú svæði m.t.t. þykktar efnis og mögulegri vinnslu.



Mynd 1: Staðsetning efnistökusvæðis Vaðfitjanámu og fyrirhuguð afmörkun námunnar (Myndir fengnar úr greinargerð framkvæmdaraðila)

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsvirkjunar og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á vistgerðir og fugla

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé að mestu leyti skilgreint sem eyðihraunavist, sem sé með lágt verndargildi, samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Vistgerðir á svæðinu munu verða fyrir beinu og varanlegu raski en ekki séu vistgerðir með hátt verndargildi innan framkvæmdasvæðisins. Framkvæmd hafi verið gróðurúrtækt á svæðinu í tengslum við umhverfismat fyrir Vaðölduver og hafi niðurstaðan verið að ekkert náttúrufarslega mikilvægt gróðurvistkerfi á héraðs- eða landsvísu hafi fundist á svæðinu. Framkvæmdasvæðið sé utan mikilvægra fuglasvæða og hafi fuglalíf verið rannsakað í tengslum við Vaðölduver og niðurstaðan verið að þéttleiki varpfugla á svæðinu sé óverulegur og svæðið í heild sinni ekki talið mikilvægt búsvæði mófugla og varpfugla. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á vistgerðir og fugla verði óveruleg.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að staðfesta með nýjum gögnum hvort mófuglategundir nýti svæðið á varptíma, svæðið sé stórt og á jaðri hálendisins þar sem mófuglategundir séu útbreiddar og að röskun búsvæða geti haft staðbundin áhrif þó vistgerðin sé lágvernduð. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf séu líklega lítil en æskilegt væri að leggja fram greiningu eða staðarathugun fyrir ákvörðun um matsskyldu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé talin ástæða til að uppfæra fyrri rannsóknir um fuglalíf vegna námunnar, en benda megi á ýmsar rannsóknir sem sýni að þar sem land er að gróa



upp í kjölfar landgræðslu eykst mófuglalíf. Því kunni að vera áhugavert að skoða heildarsvæðið aftur að framkvæmdum loknum og í kjölfar landgræðsluáðgerða innan iðnaðarsvæðisins.

Áhrif á vatnshlot og vatnalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að náman standi við bakka Þjórsár og að tvö vatnshlot séu skilgreind í og við framkvæmdasvæðið; grunnvatnshlotið Tungnaárhraun (103-308-G) og straumvatnshlotið Þjórsá 2 (103-777-R). Tungnaárhraun sé fremur víðfeðmt og ýmis mannvirki og starfsemi eru innan þess, þ.á.m. ýmis efnistökusvæði og virkjanaframkvæmdir. Helsta hætta sem stafi af framkvæmdinni sé ef til efnamengunar komi. Settir verði skilmálar um að ekki verði heimilt að geyma olíu eða mengandi efni í námunni. Framkvæmdaraðili telur að ef skilmálum verði fylgt eftir verði vatnshlotið ekki í hættu. Ekki sé fyrirhugað að bora eftir neysluvatni eða vera með vera með fráveitu innan efnistökusvæðisins. Varðandi vatnshlotið Þjórsá 2 kemur fram að ekki sé talin veruleg hætta á áhrifum á vatnalíf, þar sem fiskgengd sé lítil ofarlega í ánni. Lífríki geti þó orðið fyrir tímabundnum áhrifum á meðan efnistaka stendur yfir, einkum vegna olíumengunar eða aukins gruggs, sem geti haft áhrif á tegundir sem treysti á sjón við fæðuöflun. Efna- og eðlisefnafræðilegir þættir geti einnig raskast, en í ánni sé nú þegar grugg og leir sem breytist með vatnsstöðu. Efsti hluti vatnshlotsins sé nýttur sem flóða- og yfirfallsfarvegur, og vatnsmagn sé að miklu leyti stjórnað af rekstri vatnsaflsvirkjana í nágrenni, sem geti haft áhrif á lífríki svæðisins. Efnistakan muni þó fara fram innan varnargarðs við Þjórsá og muni því ekki hafa bein tengsl við farveg árinna. Því séu áhrif á vatnshlotið takmörkuð, og umfang efnistöku sé ekki talið nægjanlegt til að breyta legu eða straumhraða árinna, sem sé vatnsmikil jökulá með mikla endurnýjun. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni koma til með að hafa óveruleg áhrif á vatnshlot og vatnalíf og ekki til þess fallin að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að ekki sé talið að efnistakan muni hafa teljandi áhrif á viðkomu fiskistofna, lífríki Þjórsár eða Tungnaá eða veiðihagsmuni en bendir á að framkvæmdin kunni að vera háð leyfi Fiskistofu ef hún er í eða við veiðivatn allt að 100 metrum frá bakka þess samkvæmt lögum um lax- og silungaveiði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að haft verði samráð við Fiskistofu varðandi mögulegt leyfi stofnunarinnar samkvæmt lögum um lax- og silungaveiði.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að berggrunnur framkvæmdasvæðisins sé nútímahraun sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd. Hins vegar sé hraunið sandorpið og einungis sýnilegt að takmörkuðu leyti og hafi því verndargildi hraunsins rýrnað ásamt því að svæðinu hefur verið talsvert raskað vegna mannvirkjagerðar innan iðnaðarsvæða. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir verði óveruleg.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að ekki komi skýrt fram hvort þær hraunmyndanir sem fyrirfinnist á svæðinu séu heillegar eða greinilegar og því liggi ekki fyrir hvort hraunið njóti sérstakrar verndar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að hraunið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé sandorpið og talsvert raskað og hafi því verndargildi þess rýrnað auk þess sem mikið rask hafi fylgt framkvæmdum í nágrenninu.

Áhrif á fornminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifaskráning hafi verið framkvæmd á svæðinu í tengslum við umhverfismat Vaðölduvers og nái hún til fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Engar þekktar fornleifar séu innan framkvæmdasvæðisins. Framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð áform muni ekki hafa neikvæð áhrif á fornleifar.



Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að engar þekktar fornleifar séu innan efnistökusvæðisins og gerir stofnunin ekki athugasemdir við umfjöllun um fornleifar.

Áhrif á landslag og ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistakan muni hafa tímabundin áhrif á ásýnd svæðisins þar sem mögulegt er að aðlaga svæðið að landinu og umhverfi þess þegar efnistöku líkur. Áhrif á landslag á svæðinu hafi nú þegar orðið töluverð vegna eldri framkvæmda og komi viðbótaráhrif af efnistöku til með að felast í efnistökunni sjálfri og haugsetningu. Efnistakan sé lágt í landi við varnargarða Þjórsár en liggur við fjölfarnar og vinsælar ferðamannaleiðir inn á suðurhálendið. Gerð verði krafa til verktaka um snyrtilega umgengi á framkvæmdatíma og vanda frágang á efnistökusvæði að nýtingu lokinni og draga þannig úr áhrifum á ásýnd. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag verði óveruleg, tímabundin og að mestu afturkræf.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að svæðið sé á hálendinu eða á jaðri þess þar sem víðsýni sé og að efnistakan verði áberandi á framkvæmdatíma. Mikilvægt sé að efnistakan fylgi landformum og að frágangur verði skilgreindur með skýrum hætti. Áhrif á landslag séu líklega afturkræf með góðum frágangi, en sýnileiki framkvæmdarinnar sé engu að síður verulegur á framkvæmdatíma.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028 en unnið er að breytingu þar sem svæðið verður skilgreint sem efnistökusvæði. Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan marka deiliskipulags Vaðölduvers og verður gerð breyting á því þar sem efnistökusvæðið verður felld inn í skipulagið. Skipulagsmörk munu koma til með að breytast og heimildir fyrir efnistöku – ásamt skilmálum fyrir framkvæmdir og frágang settar inn.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárbings ytra samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Forsætisráðuneytisins samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarhalds og leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungaveiði. Jafnframt er framkvæmdin háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða í 80.000 m³ efnistöku á um 11 ha svæði á Þjórsáreyrum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar, mengun, ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti



til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða efnistöku á svæði sem er þegar mikið raskað. Framkvæmdin mun raska hrauni sem fellur undir ákvæði laga um náttúruvernd en verndargildi þess hefur rýrnað þar sem hraunið er sandorpið og mikið raskað vegna fyrri framkvæmda á svæðinu. Engar vistgerðir með hátt verndargildi er að finna á framkvæmdasvæðinu og það er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Fyrirhuguð efnistaka mun óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á ásýnd einkum á framkvæmdatíma en með boðuðum aðgerðum um verklag og vönduðum frágangi svæðisins er hægt að draga úr þeim áhrifum. Ekki eru líkur á að umferð efnisflutningabifreiða komi til með að hafa neikvæð áhrif þar sem umferð verður að mestu innan framkvæmdasvæðisins. Skipulagsstofnun leggur áherslu á verklag sem kemur í veg fyrir að olíumengun berist í jarðveg. Stofnunin telur ólíklegt að framkvæmdirnar komi til með að leiða til þess að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum en minnir á að áður en til leyfisveitinga komi verði að liggja fyrir ítarlegt áhrifamat á vatnshlotin. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. mars 2026.

Reykjavík, 18. febrúar 2026

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

